

Nefndasvið Alþingis — Utanríkismálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Dags. 14.9.2016
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2016-220
0.5

Með erindi dags. 31. ágúst sl. óskaði utanríkismálanefnd Alþingis eftir umsögn Veðurstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um aðild Íslands að Geimvísindastofnun Evrópu (European Space Agency, ESA), 804. mál.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Ísland gerðist aðili að Evrópsku veðurtunglamiðstöðinni (EUMETSAT) 1. janúar 2014 eftir að hafa verið aukaaðili í 5 ár. Ísland er jafnframt aðili að Copernicus-áætlun Evrópusambandsins. Með þessari aðild fær Ísland gjaldfrjálst aðgengi að víðtækum gervitunglagögnum til vöktunar og rannsóknar á náttúrunni. Með samstarfssamningi ESA við Copernicus og EUMETSAT hefur Ísland aðgengi að gögnum sem koma frá gervitunglum ESA, þar með talið Sentinel-tunglunum.

Veðurstofa Íslands notar gögn frá ESA, s.s. úr Sentinel-tunglunum. Þar sem þessi gögn eru opin eins og áður greinir og krefjast ekki aðildar er það ekki aðgangur að gögnum sem knýr á um aðild hvað Veðurstofuna varðar.

Það er rétt sem fram kemur í greinargerð með tillögunni að aðild að ESA gæti orðið lyftistöng fyrir fræðasamfélagið og þann litla vísi sem til er að hátækniðnaði hér á landi. Hinsvegar færi það mjög eftir því hvernig fjármögnun aðildar yrði háttáð. Rétt er þó að benda á að sambærileg tækifæri eru nú þegar til staðar með aðild Íslands að Copernicus og EUMETSAT. Ísland þarf að nýta þessi tækifæri betur, sem og að afla sér enn betri þekkingar að á nýta gögnin sem streyma frá þessum gervitunglum.

Ef Ísland gengur í ESA þurfa eitthverjar stofnanir ríkisins að halda utan um þá starfsemi sem aðildinni fylgir. Mikilvægt er að tryggt sé að við inngöngu fylgi fjárveitingar til þessara stofnana til að mæta þeim kostnaði sem af aðildinni hlýst. Dæmin sýna að sé það ekki gert verður aðildin baggi á stofnununum og þau tækifæri sem hún felur í sér gloprast niður vegna skorts á fjármagni.

Virðingarfyllst,



Árni Snorrason
forstjóri VÍ